

Skýrsla Elliðaárnefndar SVFR

2025

Elliðaárnefnd SVFR

Auk undirritaðs skipa Elliðaárnefndina eftirfarandi félagar í SVFR: Elín Laxdal, Hreinn Reyðfjörð Sigmarsson, Hrafnhildur Gunnarsdóttir, Stefán Karl Segatta, Steinar Már Björnsson, Brynjólfur Gunnarsson, Sigurður Tómasson, Skúli Arnfinnsson, Hermann B. Valsson, Jóhannes H. Steingrímsson og Ingi Þór Hafsteinsson.

SVFR og Elliðaárnefnd halda úti Facebook-hópnum „SVFR Elliðaár“:

www.facebook.com/groups/svfrelli

Þar er til umfjöllunar allt er við kemur lífríki og veiði í Elliðaánum.

Árnefndin hélt áfram því starfi sem hafið var síðasta sumar við að fjölga merkingum veiðistaða og bæta aðgengi veiðimanna að þeim. Sú vinna fólst einkum í að halda aftur af hvönn, kerfli og öðrum gróðri sem veiðilínur eiga það til að flækjast í. Mest áhersla var lögð á svæðið milli Merkjastrengs og Baugshyls.

Hvönnin og kerfillinn eru hraðsprottin og því þurfti að slá sömu svæðin oftar en einu sinni á veiðitímabilinu.



Eitt af nýju veiðistaðamerkjunum. Mynd: Stefán Karl Segatta.



Efri Kista fyrir slátt. Mynd: Árni Guðmundsson.



Efri Kista eftir slátt. Mynd: Árni Guðmundsson.

Árnefndin vaktar Elliðaárnar og umhverfi þeirra allt árið um kring. Verði vart við mengun eða annað óeðlilegt er haft samband við viðeigandi aðila.

Síðastliðið sumar tók Sigurður veiðivörður eftir því að gullfiskar höfðu komist út í Elliðaárnar úr settjörn skammt frá verslun Bónuss við Ögurhvarf, rétt ofan við Breiðholtsbraut. Fiskarnir fundu sér leið út í árnar um rör sem liggur úr tjörninni og út í Elliðaárnar, neðan við Fljótið.

Of heitt bakrásarvatn frá hitakerfum bygginga í nærliggjandi hverfi rennur um frárennsliskerfi í settjörnina. Af þeim sökum er vatnið í tjörninni mjög hlýtt, sem skapar gullfiskunum hagstæð skilyrði og þeir virðast geta fjölgað sér við þessar aðstæður.

Elliðaárnefnd vakti athygli viðkomandi sveitarfélaga og stofnana á málinu. Í framhaldi var gripið til róttækra aðgerða til að uppræta gullfiskana og í kjölfarið voru nokkur hundruð dauðir gullfiskar fjarlægðir.

Tíminn mun leiða í ljós hvort gullfiskastofninn í settjörninni nær sér á strik á ný og hvort þeir haldi áfram að berast í Elliðaárnar. Þótt gullfiskar séu meinlausir sem slíkir eru þeir aðskotadýr í vistkerfi Elliðaáanna. Þeir aðilar sem bera ábyrgð á settjörninni þurfa því að tryggja með viðeigandi hætti að þetta ástand verði ekki viðvarandi.



Jóhannes H. Steingrímsson veiddi þennan urriða neðst í Fljótinu. Þegar urriðanum var sprett upp kom í ljós nokkuð heillegur gullfiskur sem hann hafði sporðrennt í heilu lagi. Mynd: Árni Guðmundsson.

Vorveiði fyrir fatlaða og langveik börn

Líkt og undanfarin ár var fötluðum og langveikum börnum boðið í vorveiði. Veiðin fer fram á silungsveiðitímanum, einkum í Höfuðhyl og við Ármótin.

Í ár komu gestir frá Klettaskóla, Styrktarfélaginu Ás, Hinu húsinu og Einstökum börnum. Ingi Þór Hafsteinsson sá um skipulagningu og ut anumhald, líkt og hann hefur gert frá upphafi.

Félagar í Elliðaárnefndinni voru gestunum til halds og trausts við veiðarnar og SVFR lagði til veiðibúnað og nesti.



Steinar Már leiðbeinir við veiðarnar. Mynd: Klettaskóli.



Elín Laxdal sýnir réttu handtökin. Mynd: Styrktarfélagið Ás.

Hreinsun Elliðaána

Hin árlega hreinsun Elliðaána fór fram 14. júní og gekk vel. Umgengni um Elliðaárdalinn fer batnandi og plokkarar og félagar í SVFR tína rusl á svæðinu árið um kring.

Berist tilkynningar um rafhlaupahjól, reiðhjól eða aðra stærri hluti í ánum er það gjarnan einhver úr árnefndinni sem bregst skjótt við og fjarlægir hlutina.



Hér má sjá hluta afraksturs hreinsunardagsins. Mynd: Árni Guðmundsson.

Opnun Elliðaáanna

Frá árinu 2011 hefur borgarstjóri boðið þeim sem hlotið hefur nafnbótina *Reykvíkingur ársins* að hefja laxveiðitímabilið í Elliðaánum, sem hefst 20. júní ár hvert. Í ár bar svo við að hinn útvaldi var vant við látinn á opnunardaginn og því kom það í hlut Heiðu Bjargar Hilmisdóttur borgarstjóra að hefja veiðitímabilið.

Veiðimenn komu saman við veiðihúsið í Elliðaárdal þar sem Ragnheiður Thorsteinsson, formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur, lýsti formlega yfir opnun ána. Að því loknu var boðið upp á léttan morgunverð.

Ragnheiður bauð borgarstjóra að ganga til veiða á Breiðunni og þaðan var haldið að Hundasteinunum. Ragnheiður veitti borgarstjóra leiðsögn við veiðarnar fyrri hluta morgunsins en Stefán Karl Segatta tók við síðari hlutann. Talsverður fjöldi fólks var saman komin til að fylgjast með veiðinni.

Klukkan 12 á hádegi veiddi borgarstjóri Maríulaxinn sinn í Hundasteinunum; hann mældist 60 cm.

Elliðaárnefndin og skrifstofa SVFR sáu um undirbúning opunarinnar og veiðileiðsögn. Sérstakar þakkir eru færðar Evu Maríu Grétarsdóttur hjá SVFR og Brynju Gunnarsdóttur, stjórnarkonu í SVFR, fyrir framlag þeirra við undirbúning og framkvæmd opunarinnar.



Ragnheiður og Heiða Björg á Breiðunni. Mynd: Reykjavíkurborg.



Borgarstjóri með Mariulaxinn. Mynd: Reykjavíkurborg.

Reykvíkingur ársins

Sunnudagsmorguninn 13. júlí tilkynnti Heiða Björg Hilmisdóttir borgarstjóri við Hundasteinana að Ingi Garðar Erlendsson, stjórnandi Skólahljómsveitar Vesturbæjar og Miðbæjar, hlyti nafnbótina í ár.

Stefán Karl Segatta aðstoðaði Inga Garðar við veiðarnar. Þrátt fyrir að honum tækist ekki að landa laxi fékk hann nokkrar góðar tækur og kvaðst hafa haft ánægju af því að spreyta sig í Elliðaánum.



Ingi Garðar og Stefán Karl efst í Hundasteinunum. Mynd: Reykjavíkurborg.

Borgardagar

Þrír veiðidagar á hverju sumri eru fráteknir fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar. Þeim starfsmönnum sem að mati samstarfsfólks hafa staðið sig sérstaklega vel í starfi og lagt sig fram umfram skyldu er boðið til veiða. SVFR sér um skipulag og veiðileiðsögn.

Markmið SVFR er að gestirnir njóti sem bestar upplifunar við árnar, óháð reynslu þeirra af veiðum. Margir gestanna hafa í gegnum árin látið þess getið að þessi veiði hafi opnað augu þeirra enn frekar fyrir því hversu einstakt svæði Elliðaárdalurinn og Elliðaárnar eru.

Ungmennadagar

Ungmennadagar voru haldnir í Elliðaánum 6. júlí og 10. og 11. ágúst. Veiðin er ætluð félagsmönnum, 18 ára og yngri, sem geta veitt sjálfir. Vel tókst til með ungmennadagana og tekið var á móti rúmlega 100 börnum og unglingum. Það er ánægjulegt að sjá áhuga ungu kynslóðarinnar á stangveiði aukast ár frá ári. Mikael Marinó Rivera annaðist skipulagningu og utanumhald. Hann bryddaði upp á þeirri skemmtilegu nýbreytni að stofna Facebook-hóp vegna ungmennadaganna þar sem þátttakendur og aðrir tengdir gátu deilt myndefni og upplýsingum.



Ungur veiðimaður spreytir sig. Mynd: Stangaveiðifélagið.

Veiðivarsla og móttaka veiðimanna

Breytingar voru gerðar á veiðivörslu og móttöku veiðimanna sumarið 2025. Sigurður Tómasson annaðist einn veiðivörslu í Elliðaánum, Korpu og Leirvogsa. Nokkur úr árnefndinni, auk annarra félaga í SVFR, tóku að sér móttöku veiðimanna í veiðihúsinu, en það var áður í höndum veiðivarða.

Eins og alltaf var nokkuð um veiðiþjófnað, en veiðivörður og félagar í árnefndinni voru sem fyrr duglegir að sinna vöktun og eftirliti með ánum og stugguðu við veiðiþjófum þegar þess gerðist þörf. Líkt og undanfarin ár fengu nokkur úr Elliðaárnefndinni réttindi veiðieftirlitsmanna frá Fiskistofu og efldi það veiðivörsluna. Sigurður Tómasson, veiðivörður og árnefndarmaður, á enn einu sinni sérstakt hrós skilið fyrir frammistöðu sína við veiðivörsluna í sumar. Hann var óþreypandi við vöktun ána og leysti starfið af hendi með mikilli þryði, enda var hann duglegur að vakta árnar utan síns vinnutíma og gómaði hann ófáa óboðna gesti í þeirri aukavinnu sinni.

Sú nýjung var tekin upp sumarið 2025 að veiðitímanum á síðdegisvaktinni var breytt þannig að veitt var frá klukkan 16:00 til 22:00. Breytingin tók gildi laugardaginn 5. júlí. Veiðimenn skyldu vera mættir í veiðihúsið klukkan 15:15, en dregið var um veiðisvæði klukkan 15:30.

Eftir 15. ágúst varð veiðitíminn aftur sá sami og áður, eða frá klukkan 15:00 til 21:00. Sumarið 2026 verður veiðitíminn á síðdegisvaktinni frá klukkan 16:00 til 22:00 á tímabilinu 20. júní til 15. ágúst.

Upplýsingar um veiðina í Elliðaánum árið 2025 er að finna í skýrslu Angling iQ sem birt er í viðauka við þessa skýrslu.

Fiskiteljarinn

Teljaranum, fiskiteljarastíflunni og seiðagildrunum var komið fyrir á sínum stað 12. maí. Seiðagildrunar voru teknar upp 11. júní. Þann 5. nóvember voru teljarinn og fiskiteljarastíflan tekin á land, sem telst óvenju seint.

Rekstur teljarans gekk ágætlega en, líkt og undanfarin sumur, urðu fáein rekstraratvik sem áttu uppruna sinn í tölvu- og hugbúnaði.

Ingi Þór var sem áður fremstur í flokki þegar kom að rekstri og umsýslu. Upp úr miðju sumri eykst magn slýs og gróðurs í árvatninu og auk þess vex áin þegar líður á sumarið. Þetta hefur í gegnum árin leitt til þess að veiðiverðir og árnefndin hafa þurft að fylgjast náið með stöðu teljaralónsins og hreinsa þvergrindurnar með stuttu millibili þegar það sem áin ber með sér hleðst á þær. Ef grindurnar eru ekki hreinsaðar getur áin flætt upp á bakka sína með tilheyrandi jarðvegsrofi.

Að undirlagi Inga Þórs var sú breyting gerð þetta sumarið að bil voru mynduð á milli þverþilanna sem liggja milli steyptu stólpanna. Með því var unnt að fjarlægja grindurnar og féll hreinsunarvinnan þar með niður, sem leiddi til verulegs vinnusparnaðar. Hæð bilanna var stillt þannig að vatnshæð lónsins ofan fiskiteljarastíflunnar væri nægilega há til að hreyfing vatns innan teljarans ylli ekki „fölskum“ talningum eða óþarfa upptöku myndskeiða.

Árnefndin hefur komið á framfæri tillögum við borgina um hvernig megi bæta öryggi á svæðinu við teljaramannvirkið. Algengt er að bæði börn og fullorðnir fari út á gönguplankana og ristarnar sem eru ofan á steinsteypta hólfinu sem hýsir teljarann. Plankarnir eru mjóir og svagir og alvarleg slýs geta orðið ef fólk fellur af þeim.

Til að sporna við þessu hefur verið lagt til að settar verði upp merkingar á sitt hvorum árbakkanum við fiskiteljarastífluna þar sem fram komi að um hættusvæði sé að ræða og öll umferð um mannvirkið sé bönnuð. Einnig hefur verið varpað fram þeirri hugmynd að setja læst hlið sitt hvoru megin við fiskiteljarastífluna, í líkingu við þau hlið sem víða má sjá við hafnir og eru ætluð til að hindra aðgengi að smábátabryggjum.

Á sumrin er oft mikill fjöldi barna á útivistarsvæðinu við Elliðaárstöðina og því er brýnt að huga vel að öryggismálum.

Jóhannes Sturlaugsson, líffræðingur hjá Laxfiskum, fjallar um göngu fiska í gegnum fiskiteljarann og rannsóknir á laxastofninum í Elliðaánum í árlegri skýrslu sinni. Vísað er til hennar varðandi upplýsingar um fjölda fiska sem gengu í gegnum teljarann. Skýrsluna birtir Jóhannes á vef Laxfiska - www.laxfiskar.is.



Jóhannes Sturlaugsson tengir teljarann. Mynd: Árni Guðmundsson.



Brynjólfur Gunnarsson hreinsar grind. Mynd: Árni Guðmundsson.



Ingi Þór og Jóhannes Sturlaugsson. Mynd: Sigurður Tómasson.



Teljaranum slakað á sinn stað. Mynd: Sigurður Tómasson.

Minkaveiði

Samstarf veiðivarða og meindýraeyða Dýraþjónustu Reykjavíkur gekk vel og brugðust þeir hratt og vel við öllum ábendingum um minka sem sáust í og við Elliðaárnar. Elín Laxdal er öflugur náttúrulífljósmyndari og tekur meðal annars mikið af myndum við Elliðaárnar. Hún kom auga á ófáa minka og kom upplýsingum um staðsetningu þeirra á framfæri við veiðivörð og meindýraeyða..

Þar sem mikil umferð fólks er við Elliðaárnar og byggð er í næsta nágrenni þeirra geta meindýraeyðar því miður ekki beitt öllum þeim veiðiaðferðum sem notaðar eru annars staðar við minkaveiðar. Sem dæmi má nefna að ekki er heimilt að eitra, beita minkahundum eða nota skotvopn á þessu svæði. Árið 2025 var minkagildrum fjölgað frá fyrra ári. Þegar þetta er ritað liggja ekki fyrir upplýsingar um fjölda veiddra minka árið 2025.



Minkagildra við bakka Elliðaáanna. Mynd: Árni Guðmundsson.

Umræða - áfram þrengir að Elliðaánum

Hinn sjálfbæri laxastofn Elliðaána er ómetanlegur og einstakur á heimsvísu. Auk hans eru í ánum aðrar tegundir fiska og fuglalífið í Elliðaárdalnum er afar fjölbreytt. Staðreyndin er sú að áratugum saman hafa mannanna verk sífelld þrengt meira að lífríki Elliðaána og Elliðaárdalsins. Umfangsmiklar verklegar framkvæmdir í Elliðaárdalnum eru nokkuð tíðar og markvisst er auknum fjölda vegfarenda, bæði gangandi og hjólandi, beint í Elliðaárdalinn og ýmiss konar starfsemi hefur verið byggð upp á svæðinu og enn skal bætt í. Vissulega er hluti þeirra framkvæmda sem unnar eru í Elliðaárdalnum nauðsynlegar og óumflýjanlegar viðhalds- og nýframkvæmdir vegna innviða borgarinnar, en aðrar eru umdeilanlegar. Hvort sem um bráðnauðsynlegar framkvæmdir eða aðrar er að ræða, þá valda þær alltaf að minnsta kosti tímabundnu álagi á vistkerfið og gæta þarf ítrustu varkárni gagnvart náttúrunni á verktímanum.

Göngu- og hjólabrúm fjölga sífelld. Líklega eru Elliðaárnar mest brúaða vatnsfall landsins og illskiljanlegt er hversu stutt er og verður á milli sumra þessara mannvirkja. Mikilvægt er að gæta hófs í lýsingu á brúm og meðfram göngu- og hjólastígum. Þekkt er að lýsing hefur truflandi áhrif á laxinn á hrygningartímanum. Árum saman hafa Elliðaárnefndin og SVFR verið óþreytandi við að klifa á því að stilla þurfi lýsingu í hof við Elliðaárnar.

Í eftirfarandi kafla er dregin saman ýmis atriði sem undirritaður telur mikilvægt að hafa í huga í þessu samhengi. Þar er fjallað um nýlegar framkvæmdir við Elliðaárnar, sem og fyrirhuguð verkefni, og bent á dæmi þar sem varlegar hefði mátt fara í umgengni við ána og umhverfi hennar. Ljóst er að svæðið hefur á undanförunum árum orðið fyrir auknu álagi vegna framkvæmda og annarra umsvifa, og fram undan eru frekari framkvæmdir samhliða vaxandi umferð fólks um Elliðaárdalinn. Markmið mitt með þessum skrifum er að varpa ljósi á þetta álag og undirstrika mikilvægi þess að gæta fyllstu varúðar við alla frekari uppbyggingu eða jafnvel að hlífa þessu viðkvæma svæði við frekari uppbyggingu.

-Aðeins nokkur hundruð metrar eru á milli nýju göngu- og hjólabrúna við Grófarstrenginn og neðan við Heyvaðshyllinn. Auk þess er miður að ekki hafi verið valin lágstemmdari lýsing á þá síðarnefndu. Lýsing hennar er einfaldlega of björt. Draga þarf verulega úr ljósstyrknum og æskilegt væri að lýsingunni yrði stýrt með skynjurum þannig að brúin lýsist einungis þegar vegfarendur nálgast hana.



Göngu- og hjólabrúin neðan við Heyvaðshyl. Mynd: Árni Guðmundsson.

-Tillögur liggja fyrir um að friðuð Árbæjarstífla við Elliðaár fái nýtt hlutverk og útlit og verði þróuð sem „upplifunarbrú”. Undirritaður sat kynningarfund vegna verkefnisins og ljóst er að mikil jarðvinna og rask mun fylgja breytingunum sem gerðar verða á Árbæjarstíflu.

Verkefnið er enn á skipulags- og hönnunarstigi og krefst samþykkis Minjastofnunar og frekari útfærslu áður en framkvæmdir geta hafist. Ef fram fer sem horfir gæti framkvæmd hafist á næstu árum eftir að leyfisveitingar, hönnun og fjármögnun liggja fyrir. Betur hefði farið á því að í stað upplifunarbrúar, hefði verið byggð ein brú yfir Árbæjarstífluna sem væri einnig hönnuð fyrir gangandi og hjólandi umferð. Því miður á að byggja aðra brú fyrir slíka umferð, en hún mun því miður þvera hinn vinsæla veiðistað Kerlingaflúðir og verður hún í aðeins um 130 metra fjarlægð frá upplifunarbrúnni á Árbæjarstíflunni.




Fyrirhuguð brú yfir Kerlingaflúðir. Mynd: Elliðaárdalur - deiliskipulagsuppráttur.

-Ný göngubrú verður byggð þar sem hitaveitustokkurinn var áður. Tiltölulega nýleg göngu- og hjólabrú er rétt ofan við Toppstöðina. Bein loftlína á milli þessara tveggja brúa er innan við 300 metrar.



Brú við Toppstöðin og önnur þar sem hitaveitustokkurinn var. Mynd: Elliðaárdalur - deiliskipulagsuppráttur.

-Á deiliskipulagsupprætti vegna Elliðaárdalsins má sjá að gert er ráð fyrir brú rétt neðan við Hraunið. Ef af byggingu þessarar brúar verður, þá verður fjarlægðin á milli hennar og Vatnsveitubrúarinnar u.þ.b. 250 metrar. Með tilliti til Hraunsins er þessi staðsetning afar óheppileg.



Fyrirhuguð brú neðan Hrauns. Mynd: Elliðaárdalur - deiliskipulagsuppráttur.

-Þegar þetta er ritað hefur nýlega verið tilkynnt að Reykjavíkurborg hafi selt Toppstöðina til félags sem hyggst breyta húsnæðinu í útilífsmiðstöð. Þar verður aðstaða fyrir Klifurfélag Reykjavíkur (rúmlega 3.500 félagsmenn), Hjólabrettafélag Reykjavíkur og Hjólafélag Reykjavíkur. Vesturhluti lóðar Toppstöðvarinnar nær svo gott sem að árbakkanum og á því svæði eru veiðistaðirnir Teljarastrengur, Beygjan, Móhýlsstallar og efri Móhýlur. Starfsemi útilífsmiðstöðvarinnar mun óhjákvæmilega hafa í för með sér aukin umsvif og meiri umferð farartækja og fólks, með tilheyrandi álagi á þann hluta Elliðaáanna sem næstur er.



Rauða línan sýnir lóðamörk Toppstöðvarinnar (Varastöð). Mynd: Borgarvefsjá.

-Á dögnum var undirrituðum, ásamt fleiri fulltrúum SVFR, boðið að taka þátt í fjölmennri vinnustofu um „Áfangastaðinn Elliðaárdal“. Markmið vinnustofunnar var að móta hugmyndir um hvernig efla megi Elliðaárdalinn sem áfangastað allt árið um kring. Verkefnið er leitt af Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins í samstarfi við Reykjavíkurborg.

Þótt ljóst sé að aðstandendum verkefnisins gangi gott eitt til þá vekur þessi nálgun áhyggjur. Markviss viðleitni til að auka umferð fólks um Elliðaárdalinn getur haft í för með sér aukið álag á þetta viðkvæma og einstaka svæði. Nauðsynlegt er að vanda afar vel til verka og fara með ýrustu varúð svo vernd lífríkis Elliðaárna og náttúru Elliðaárdalsins verði ekki stefnt í hættu.

-Veitur munu vinna að endurnýjun stofnlagna kalds vatns í Elliðaárdalnum í sumar. Þetta verður stór og umfangsmikil framkvæmd og af þeim sökum verður Vatnsveituvegurinn lokaður á milli Höfðabakka og Vatnsveitubrúar á meðan framkvæmdir standa yfir.

-Reykjavíkurborg áformar umfangsmikla uppbyggingu íbúðarhúsnæðis við Elliðaárvog og Ártúnshöfða til að mæta húsnæðisþörf og styðja við þéttingu byggðar. Þegar hverfið verður fullbyggt er áætlað að íbúðir verði um 8000 talsins og íbúafjöldi verði um 20 þúsund sem er áþekkur fjöldi og býr nú í Garðabæ eða á Akureyri. Samhliða er lagt til að Geirsnef verði þróað sem borgargarður og útivistarsvæði sem verndar náttúru og eykur aðgengi almennings að grænum svæðum.



Fyrirhuguð uppbygging byggðar. Mynd: Klasi.

-Frárennslismálum þarf að koma í nútímalegt horf í þeim hluta Árbæjarins sem liggur næst Árbæjarkvísl Elliðaánna (kvíslinni norðan við Blásteinshólmann).

Í skýrslu stýrihóps um Elliðaárdal, *Tillögur og næstu skref um framtíð dalsins*, sem skipaður var í kjölfar tæmingar Árbæjarlónsins, segir meðal annars:

“Mengunarhætta: Elliðaárdalurinn er ekki lengur svæði ósnortinnar náttúru og verður tæpast verndaður sem slíkur. Engu að síður renna um hann ár sem eru þrátt fyrir allt enn með gjöfulli laxveiðiám á þessu landsvæði en lífríki þeirra hefur smám saman látið undan síga á undanförunum áratugum í kjölfar aukinnar byggðar. Mengunarhætta hefur að sama skapi aukist á svæðinu enda hefur byggðin áhrif á vatnsbúskap ána. Þó hefur verið gripið til margvíslegra aðgerða á seinni árum t.d. með gerð settjarna sem draga úr hættunni á að mengað yfirborðsvatn berist í árnar. Árbærinn var eitt af fyrstu hverfum borgarinnar þar sem regnvatn og skólþ var aðskilið þegar frárennsliskerfi þeirra var byggt upp úr árinu 1964. Regnvatn er því leitt í sér rörum í ár eða læki innan vatnasvæðis Elliðaánna. Borgin hefur sett sér það markmið að innleiða svo kallaðar blágrænar ofanvatnslausnir m.a. með það að marki að skapa vistvæn hverfi. Hluti þeirrar stefnu er hreinsun ofanvatns til verndar ár og vötnum. Það er mikilvægt að tryggja hreinsun þess vatns sem berst í áðurnefndar lagnir og koma í veg fyrir hugsanleg mengunarslys þegar það berst í árnar. Fjölmörg dæmi hafa komið upp í gegnum árin þar sem mengun af götum í Árbæjarhverfi berst með yfirborðsvatni í árnar og má þar nefna klór- og olíumengun. Þannig eru á sumum stöðum einungis nokkrir tugir metra frá niðurföllum í götum þar sem menn þrifa bíla sína og niður að útrásum frá götunum niður við árnar. Með blágrænum ofanvatnslausnum er markmiðið að nýta náttúrulega ferla við meðhöndlun regnvatns í þéttbýli næst uppruna. Í þessu geta falist ýmsar lausnir s.s. regnbeð og - lautir, settjarnir, náttúrulegar rennslirásir og votlendi með sérvöldum gróðri og jarðvegi við útrásarenda. Þá er fræðsla til íbúa á svæðinu varðandi þessa mengunarhættu ekki síður mikilvæg. Stýrihópurinn telur afar mikilvægt og löngu tímabært að ráðist verði í úrbætur á frárennslismálum á þessu svæði og leggur til úrbætur sjá nánar tillögu X.”

-18. október 2025 birtist eftirfarandi frétt á vefmiðlinum Auðlindin:

„Rannsókn Hafrannsóknastofnunar sýnir að fyrirhuguð Sundabraut gæti haft áhrif á far og búsvæði laxfiska úr Elliðaám, Úlfarsá og Leirvogsá. Samkvæmt niðurstöðum nýrrar rannsóknar nýta lax og sjóbirtingur strandsvæði Leiruvogs og sundin þar fyrir utan bæði til fæðuöflunar og á göngu sinni milli ferskvatns og sjávar.

Í rannsókninni voru 88 laxar og sjóbirtingar merktir með hljóðsendum sumarið 2024. Um 70 prósent fullorðinna sjóbirtinga úr Elliðaám gengu til sjávar og inn á áhrifasvæði Sundabrautar í Leiruvogi, og flest seiði úr Úlfarsá og Leirvogsá dvöldu þar stóran hluta sumarsins.

Fram kemur að breytingar á straumum og setflutningi vegna landfyllinga og brúargerðar geti haft áhrif á lífríki botnsins og þar með á fæðu laxfiska. Líkön sýna að straumhraði gæti margfaldast um brúarop við Leiruvog, sem gæti gert seiðum erfitt fyrir að synda gegn straumnum.

Hafrannsóknastofnun leggur til að framkvæmdum verði hagað utan göngutíma laxfiska og að komið verði á reglulegri vöktun meðan á framkvæmdum stendur og eftir að Sundabraut verður tekin í notkun.”

-Verktakar og aðrir sem koma að framkvæmdum í Elliðaárdalnum þurfa að haga vinnu sinni með þeim hætti að gætt sé að ánni og umhverfi hennar. Því miður er það ekki alltaf raunin. Sem dæmi má nefna að þegar brúin yfir Grófarstrenginn var í byggingu þurfti Sigurður Tómasson veiðivörður nokkrum sinnum að fara fram á við verktakann að timbur, mótaplötur og plast sem borist hafði frá framkvæmdasvæðinu yrði fjarlægð úr ánum. Síðla árs 2024 sáust greinileg ummerki þess að stórri beltagröfu, sem notuð var við brúargerðina, hafði verið ekið yfir ána rétt ofan við Hólshyl. Ekki þarf að fjölyrða um það rask og þá mengunarhættu sem skapast hefði ef svo stór vinnuvél hefði orðið föst á leiðinni yfir. Þetta var tilkynnt til verkeftirlitsins, verktakans og tengiliða hjá borginni vegna framkvæmdarinnar en því miður bárust engin svör frá þeim.

Ekki var gert hlé á byggingu brúarinnar á veiðitímabilinu. Undirrituðum þótti það miður og minnst þess ekki að slíkt hafi átt sér stað við aðrar framkvæmdir við Elliðaárnar á undanförunum árum.



Beltagröfu var ekið yfir Elliðaárnar. Mynd: Árni Guðmundsson.

-Sumarið 2022 stóðu yfir framkvæmdir sitt hvoru megin við Vatnsveitubruna. Vinnuvélar sem notaðar voru við verkið skildu eftir sig olíubletti á Vatnsveituveginum. Þetta var tilkynnt til viðeigandi aðila hjá borginni. Slíkt á ekki að eiga sér stað, enda kveða verklagsreglur borgarinnar um að allar lekaprófa skuli allar vinnuvélar áður en þær eru notaðar á svæðinu. Verkeftirlit með framkvæmdunum hefði jafnframt átt að taka eftir þessu og bregðast við.

Verktakar sem sáu um framkvæmdirnar gættu þess ekki nægilega að fjarlægja jafnt og þétt efnisafganga og annað smálegt af verkstað. Af þeim sökum þurfti árnefndarfólk nokkrum sinnum um sumarið að fjarlægja timbur, plötur og annað lauslegt sem hafði verið kastað fram af Vatnsveitubrunni.



Olíublettir á Vatnsveituveginum. Mynd: Árni Guðmundsson.

Lokaorð

Það er ekkert nýtt að bent sé á nauðsyn þess að fara varlega í uppbyggingu og framkvæmdir þegar Elliðaárna og Elliðaárdalurinn eru annars vegar. Í gegnum áratugina hafa bæði vísindamenn og velunnarar svæðisins haldið því sjónarmiði á lofti.

Þann 19. maí 1968 birtir Tíminn grein eftir Kristján Benediktsson borgarfulltrúa. Þessi orð eiga jafn vel við í dag og fyrir tæpum sex áratugum:

“Stór íbúðahverfi hafa risið og eru að rísa beggja vegna ána og mun sú byggð þéttast næstu árin. Þessi aukna byggð og umferðin, sem henni fylgir, skapar margvíslegar hættur í sambandi við verndun ána og nágreennis þeirra. Þessi atriði eru að mínum dómi mjög þýðingarmikil”.

Friðþjófur Árnason, líffræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, hefur bent á að varlega þurfi að fara í umgengni við Elliðaárna.

Í *Þróun Sundahafnar – umhverfismatskýrslu (2021)* segir:

„Þó að fyrirhugaðar framkvæmdir Faxaflóahafna hafi lítil áhrif á laxfiska, og mun minni áhrif en landfyllingar Reykjavíkurborgar, þá valda þær auknu álagi á fiskistofna sem þrengt er að úr öllum áttum upp með öllum Elliðaám.”

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar um matsáætlun vegna umhverfismats Borgarlínu (Reykjanesbraut – Bústaðavegur, 2023) segir:

„Einnig vekur Hafrannsóknastofnun athygli á að sú framkvæmd (matsáætlun) sem hér er til umfjöllunar er aðeins ein af mörgum framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru, eða eru þegar hafnar, á vatnasviði Elliðaáa (t.d. þverun Borgarlínu á ósasvæði Elliðaáa, landfyllingar við

Elliðaárvog og Sundabraut). Samlegðaráhrif margra framkvæmda geta verið mikil þó að áhrif einstakra framkvæmda séu metin ásettánleg."

Í síðustu setningunni er kjarni málsins dreginn skýrt fram, að samlegðaráhrif margra framkvæmda geta verið mikil.

Af framansögðu má vera ljóst að mikilvægt er að félagar í SVFR og aðrir sem láta þessi málefni sig varða, standi áfram vörð um lífríki Elliðaánna og umhverfi þeirra, fylgist vel með svæðinu og veiti málefnalegt aðhald vegna yfirstandandi og fyrirhugaðra framkvæmda.

Elliðaárnar og lífríki þeirra eru einstök náttúruperla og tími er kominn til að velta því fyrir sér af fullri alvöru hvort vernd þeirra eigi að vega þyngra en frekari uppbygging.

Reykjavík, 26. febrúar 2026

Árni Guðmundsson

Formaður Elliðaárnefndar SVFR.





Angling
iQ




Ελιδαάρ


Veidiskýrsla 2025

Yfirlit

Tegund	Lengd/þyngd (meðal)	% sleppt	Fjöldi skráninga
 Lax	65 cm / 3 kg	96% (697)	725
 Urriði	41 cm / 1 kg	97% (190)	196
 Sjóbirtingur	43 cm / 1 kg	100% (9)	9
 Regnbogasilungur	45 cm / 1 kg	100% (4)	4

**Lax**

Tegund	Lengd/þyngd (meðal)	% sleppt	Fjöldi skráninga
 Lax	65 cm / 3 kg	96% (697)	725

Veiði eftir árum**Stærðarbil**


Stærðarbil	Fjöldi skráninga	% sleppt	Hlutfall af heildarveiði
≥ 80cm	15	100%	2%
70-79cm	142	95%	20%
60-69cm	463	96%	64%
50-59cm	103	96%	14%
< 50cm	2	100%	0%

Fengsælustu dagarnir



Dagsetning	Fjöldi skráninga	Hlutfall af heildarveiði
17. júlí	25	3 %
9. júlí	25	3 %
10. júlí	24	3 %
24. júlí	20	3 %
26. júlí	19	3 %
23. júlí	19	3 %
16. júlí	19	3 %
25. júlí	18	2 %
22. júlí	18	2 %
21. júlí	18	2 %

Skráningar eftir dögum




Fengsælustu vikurnar



Dagsetning	Fjöldi skráninga	Hlutfall af heildarveiði
21. júlí - 28. júlí	121	17%
7. júlí - 14. júlí	106	15%
14. júlí - 21. júlí	101	14%
28. júlí - 4. ágúst	72	10%
8. sept. - 15. sept.	57	8%
1. sept. - 8. sept.	49	7%
30. júní - 7. júlí	42	6%
11. ágúst - 18. ágúst	39	5%
18. ágúst - 25. ágúst	38	5%
4. ágúst - 11. ágúst	33	5%

Skráningar eftir vikum



Bestu veiðistaðirnir



Lax

Nafn veiðistaðar	Fjöldi skráninga	Hlutfall af heildarveiði
Nr. 39 Hundasteinar	167	23%
Nr. 46 Hraun	120	17%
Nr. 49 Símastrengur	90	12%
Nr. 37 Árbæjarhylur (Eddubær)	90	12%
Nr. 73 Höfuðhylur	40	6%
Nr. 54 Efri Kista	26	4%
Nr. 64 Heyvaðshylur	18	2%
Nr. 67 Fljótið	17	2%
Nr. 19 Teljarastrengur	16	2%
Nr. 56 Hólsstrengur	16	2%
Nr. 62 Neðri Mjóddir	13	2%
Nr. 55 Hólshylur	11	2%
Nr. 47 Hraunhorn	9	1%
Nr. 35 Kerlingaflúðir	8	1%
Nr. 63 Efri Mjóddir	7	1%

Agn



Tegundir agns

Tegund agns	Fjöldi skráninga	Hlutfall af heildarveiði
Fluga	548	76%
Óskráð	177	24%

Mest notaða agnið


Nafn agns	Fjöldi skráninga	Hlutfall af heildarveiði
Haugur	47	6%
Green butt	41	6%
Collie Dog	29	4%
Svartur frances	25	3%
Silver sheep	23	3%
Rauð frances	23	3%
Rauður frances	21	3%
Frances	16	2%
Sunray Shadow	14	2%
Red Frances	13	2%
Green brahan	13	2%
Bóbó	10	1%
Frances Black	10	1%
Munro Killer	9	1%
Dimmblá	9	1%

Stærstu fiskarnir




Lax

Dagsetning	Nafn veiðistaðar	Nafn agns	Lengd/pyngd
22. júní	Nr. 49 Símastrengur	Dentist	87cm / 7kg
21. júní	Nr. 25 Hólmahlein (Rot...	Þýsk Snælda	86cm / 7kg
25. ágúst	Nr. 37 Árbæjarhylur (Ed...	Veiðifélagið græn púpa	83cm / 6kg
12. ágúst	Nr. 39 Hundasteinar	Collie Dog	82cm / 6kg
16. júlí	Nr. 49 Símastrengur	Frances red hexagone	82cm / 6kg
2. september	Nr. 46 Hraun	Black frances	82cm / 6kg
4. júlí	Nr. 37 Árbæjarhylur (Ed...	Haugur hitch	82cm / 6kg
21. ágúst	Nr. 46 Hraun	Silver sheep	81cm / 6kg
31. júlí	Nr. 39 Hundasteinar	Frances red cone	81cm / 6kg
21. júlí	Nr. 25 Hólmahlein (Rot...	Haugur túba	81cm / 6kg



Tegund	Lengd/þyngd (meðal)	% sleppt	Fjöldi skráninga
Urriði	41 cm / 1 kg	97% (190)	196

Veiði eftir árum



Stærðarbil

Stærðarbil	Fjöldi skráninga	% sleppt	Hlutfall af heildarveiði
≥ 60cm	1	100%	1%
50-59cm	32	91%	16%
40-49cm	92	98%	47%
30-39cm	63	98%	32%
< 30cm	6	100%	3%
Óskráð lengd	2	100%	1%


Fengsælustu dagarnir



Urriði

Dagsetning	Fjöldi skráninga	Hlutfall af heildarveiði
1. maí	46	23 %
18. maí	22	11 %
14. júní	14	7 %
4. maí	12	6 %
8. júní	10	5 %
13. maí	9	5 %
8. maí	7	4 %
5. maí	7	4 %
13. júní	5	3 %
10. júní	5	3 %

Skráningar eftir dögum




Fengsælustu vikurnar



Urriði

Dagsetning	Fjöldi skráninga	Hlutfall af heildarveiði
28. apríl - 5. maí	62	32%
12. maí - 19. maí	40	20%
9. júní - 16. júní	30	15%
5. maí - 12. maí	20	10%
26. maí - 2. júní	14	7%
2. júní - 9. júní	11	6%
19. maí - 26. maí	9	5%
18. ágúst - 25. ágúst	2	1%
8. sept. - 15. sept.	1	1%
1. sept. - 8. sept.	1	1%

Skráningar eftir vikum



Bestu veiðistaðirnir



Nafn veiðistaðar	Fjöldi skráninga	Hlutfall af heildarveiði
Nr. 73 Höfuðhylur	106	54%
Nr. 69 Ármót	45	23%
Nr. 54 Efri Kista	7	4%
Nr. 71 Hólmatagl	7	4%
Nr. 46 Hraun	4	2%
Nr. 66 Heyvað	4	2%
Nr. 49 Símastrengur	3	2%
Nr. 72 Hólmakvísl	3	2%
Nr. 68 Hornið Efra	2	1%
Nr. 67 Fljótið	2	1%
Nr. 70 Norðlingavað	2	1%
Nr. 59 Merkjastrengur	1	1%
Nr. 13 Hornið Neðra	1	1%
Nr. 20 Ullarfoss	1	1%
Nr. 39 Hundasteinar	1	1%

Agn



Urriði

Tegundir agns

Tegund agns	Fjöldi skráninga	Hlutfall af heildarveiði
Fluga	167	85%
Óskráð	29	15%

Mest notaða agnið

Nafn agns	Fjöldi skráninga	Hlutfall af heildarveiði
Kameltá	20	10%
Dry fly	15	8%
Pheasant Tail	15	8%
Zebra Midge	13	7%
Flugu	9	5%
Pt	8	4%
Púpa	7	4%
Fluga	7	4%
Sebra Midge	6	3%
Bab	5	3%
Blue magic pt	5	3%
Púpa	4	2%
Zebra midge	4	2%
PT	4	2%
Pheasant Tail	4	2%

Stærstu fiskarnir



Urriði


Dagsetning	Nafn veiðistaðar	Nafn agns	Lengd/þyngd
8. júní	Nr. 54 Efri Kista	Flugu	60cm / 2kg
9. maí	Nr. 73 Höfuðhylur	Mop fly (moppan)	56cm / 2kg
15. júní	Nr. 67 Fljótið	Pheasant Tail	55cm / 2kg
18. maí	Nr. 73 Höfuðhylur	Silfurperlan	55cm / 2kg
13. júní	Nr. 73 Höfuðhylur	Moppan (mop fly)	55cm / 2kg
13. maí	Nr. 73 Höfuðhylur	Dry fly	55cm / 2kg
8. júní	Nr. 54 Efri Kista	Flugu	55cm / 2kg
1. maí	Nr. 73 Höfuðhylur	Kameltá	54cm / 2kg
2. maí	Nr. 73 Höfuðhylur	Copper John	53cm / 2kg
18. maí	Nr. 69 Ármót	Dry fly	53cm / 2kg



Sjóbirtingur

Tegund	Lengd/þyngd (meðal)	% sleppt	Fjöldi skráninga
 Sjóbirtingur	43 cm / 1 kg	100% (9)	9

Veiði eftir árum



Stærðarbil

Stærðarbil	Fjöldi skráninga	% sleppt	Hlutfall af heildarveiði
≥ 60cm	1	100%	11%
50-59cm	2	100%	22%
40-49cm	3	100%	33%
< 40cm	3	100%	33%


Fengsælustu dagarnir



Sjóbirtingur

Dagsetning	Fjöldi skráninga	Hlutfall af heildarveiði
23. ágúst	2	22 %
9. september	1	11 %
6. september	1	11 %
5. september	1	11 %
1. ágúst	1	11 %
30. júlí	1	11 %
26. júlí	1	11 %
22. júlí	1	11 %

Skráningar eftir dögum




Fengsælustu vikurnar



Sjóbirtingur

Dagsetning	Fjöldi skráninga	Hlutfall af heildarveiði
1. sept. - 8. sept.	2	22%
18. ágúst - 25. ágúst	2	22%
28. júlí - 4. ágúst	2	22%
21. júlí - 28. júlí	2	22%
8. sept. - 15. sept.	1	11%

Skráningar eftir vikum



Bestu veiðistaðirnir



Sjóbirtingur

Nafn veiðistaðar	Fjöldi skráninga	Hlutfall af heildarveiði
Nr. 46 Hraun	3	33%
Nr. 36 Neðri Breiðholtsstrengir	1	11%
Nr. 39 Hundasteinar	1	11%
Nr. 04 Neðri Breiða	1	11%
Nr. 54 Efri Kista	1	11%
Nr. 66 Heyvað	1	11%
Nr. 68 Hornið Efra	1	11%

Agn



Sjóbirtingur

Mest notaða agnið

Nafn agns	Fjöldi skráninga	Hlutfall af heildarveiði
Undertaker	1	11%
Black and Blue	1	11%
Collie Dog áltúba	1	11%
Teal and Black Micro Tube	1	11%
Haugur	1	11%
Red Frances	1	11%
Klaki	1	11%
Græn púpa	1	11%
Harpa	1	11%

Stærstu fiskarnir



Sjóbirtingur


Dagsetning	Nafn veiðistaðar	Nafn agns	Lengd/pyngd
9. september	Nr. 36 Neðri...	Collie Dog áltúba	62cm / 3kg
23. ágúst	Nr. 46 Hraun	Græn púpa	52cm / 2kg
30. júlí	Nr. 68 Hornið Efra	Haugur	50cm / 1kg
5. september	Nr. 46 Hraun	Klaki	43cm / 1kg
6. september	Nr. 39 Hundasteinar	Teal and Black Micro Tube	42cm / 1kg
23. ágúst	Nr. 54 Efri Kista	Harpa	40cm / 1kg
1. ágúst	Nr. 66 Heyvað	Undertaker	35cm / 0kg
26. júlí	Nr. 46 Hraun	Red Frances	35cm / 0kg
22. júlí	Nr. 04 Neðri Breiða	Black and Blue	30cm / 0kg



Regnbogasilungur

Tegund	Lengd/þyngd (meðal)	% sleppt	Fjöldi skráninga
 Regnbogasilungur	45 cm / 1 kg	100% (4)	4

Veiði eftir árum



Stærðarbil

Stærðarbil	Fjöldi skráninga	% sleppt	Hlutfall af heildarveiði
< 50cm	4	100%	100%
≥ 40cm	4	100%	100%

Fengsælustu dagarnir



Regnbogasilungur

Dagsetning	Fjöldi skráninga	Hlutfall af heildarveiði
5. maí	4	100 %

Skráningar eftir dögum




Fengsælustu vikurnar



Regnbogasilungur

Dagsetning	Fjöldi skráninga	Hlutfall af heildarveiði
5. maí - 12. maí	4	100%

Skráningar eftir vikum



Bestu veiðistaðirnir



Regnbogasilungur

Nafn veiðistaðar	Fjöldi skráninga	Hlutfall af heildarveiði
Nr. 72 Hólmakvísl	4	100%

Agn



Regnbogasilungur

Mest notaða agnið

Nafn agns	Fjöldi skráninga	Hlutfall af heildarveiði
Pheasant Tail	3	75%
Buzzer	1	25%

Stærstu fiskarnir



Regnbogasilungur

Dagsetning	Nafn veiðistaðar	Nafn agns	Lengd/þyngd
5. maí	Nr. 72 Hólmakvísl	Pheasant Tail	49cm / 1kg
5. maí	Nr. 72 Hólmakvísl	Pheasant Tail	46cm / 1kg
5. maí	Nr. 72 Hólmakvísl	Pheasant Tail	43cm / 1kg
5. maí	Nr. 72 Hólmakvísl	Buzzer	42cm / 1kg